

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 9. september 2025 í máli nr. 83/2025

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 24. júní 2025 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að teppi sem hún hafi keypt hjá varnaraðila sé haldið galla og gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða kaupverð þess. Varnaraðili krefst þess að málinu verði vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubréfi þann 25. júní 2025 óskaði kæruneftndin eftir því að sóknaraðili myndi leggja fram frekari gögn til stuðnings kvörtun sinni. Sóknaraðili lagði fram umbeðin gögn þann 14. júlí 2025. Þann 23. júlí var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 6. ágúst 2025. Frekari athugasemdir bárust frá varnaraðila þann 14. ágúst 2025 þar sem kom fram krafa um frávísun málsins. Voru athugasemdir varnaraðila sendar sóknaraðila með bréfi, dags. 15. ágúst 2025, og sóknaraðila gefinn kostur á að bregðast við innan viku frá dagsetningu bréfsins.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda, staðfesting á greiðslu, afrit af skriflegum samskiptum aðila og upplýsingar um hitateppi sem var keypt af varnaraðila.

Með bréfi, dags. 26. ágúst 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir valdsvið hennar samkvæmt framangreindum lögum.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. þeirra. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Í 1. mgr. 16. gr. laganna segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi.

Ágreiningur málsins varðar kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu úr hendi varnaraðila vegna galla sem sóknaraðili telur vera á hitateppi sem hún keypti af varnaraðila í lok árs 2022. Samkvæmt gögnum málsins greiddi sóknaraðili 70.680 krónur til varnaraðila þann 16. desember 2022. Samkvæmt upplýsingum úr fyrirtækjaskrá er sóknaraðili skráður sem einstaklingur í atvinnurekstri. Af framlögðum samskiptagögnum má ráða að sóknaraðili hafi keypt umrætt hitateppi af varnaraðila vegna starfa sinna sem heilsunuddari. Í samskiptum sóknaraðila við varnaraðila kemur fram að hún noti teppið á nuddbekknum sínum. Þá kemur jafnframt fram í samskiptum sóknaraðila við kæruneftndina að vegna fæðingarorlofs hafi hún nýtt teppið í styttri tíma. Sóknaraðili hefur ekki haldið því fram eða lagt fram gögn sem sýna fram á að teppið hafi verið keypt til persónulegra nota.

Með vísan til framangreinds má ætla að varan sem um er deilt í málinu sé notuð í atvinnurekstri sóknaraðila við heilsunudd. Kaupandi hinnar umþrættu vöru er því einstaklingur í atvinnurekstri en ekki neytandi samkvæmt skilgreiningu laga nr. 81/2019. Heyrir málið því ekki undir valdsvið kæruneftndarinnar. Kvörtun sóknaraðila er því vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. a. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019.

IV

Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson